



**Ávarp**  
**forseta Íslands**  
**Ólafs Ragnars Grímssonar**  
**á hátíðardagskrá í Borgarholtsskóla**  
**Grafarvogsdagur**  
**15. september 2001**

Heiðruðu hátíðargestir

Við Íslendingar höfum löngum litið á okkur sem landnámsmenn. Við lesum ung fornar sagnir um víkinga sem komu yfir úfið haf og helguðu sér héruð meðfram ströndum og upp til fjalla. Við vitum svo margt um þetta góða fólk að stundum er nánast eins og það hefi verið nágrannar okkar á æskudögum. Landnámshefðin hefur verið samgróin íslenskri hugsun og menningu og vafalaust verið þjóðinni hvatning þegar tekist var á við verkefni sem í fyrstu virtust erfiður hjalli.

Reykjavík er á margan hátt skemmtilegur samnefnari fyrir þessa landnámssögu: Heimaslóðir Ingólfs Arnarsonar sem fyrstur settist hér að með sínu fólki; aðsetur kaupmanna og embættismanna sem fyrir um tvö hundruð árum tóku til við að breyta fábrotinni húsaþyrpingu í Kvosinni í þorp og síðan smátt og smátt í lítinn bæ. Og svo komu stóru landnámsskerfin hvert af öðru þegar borgin fór að breiða úr sér og teygja sig frá einni hæðinni til annarrar, úr Hlíðunum í Vogana, upp í Árbæ og Breiðholtið og svo kom byggðin hér í Grafarvogi sem á skömmum tíma hefur orðið blómlegt, fjölskrúðugt og kraftmikið samfélag.

Hér hafa íbúarnir svo sannarlega brotið nýtt land, ekki aðeins með byggingu húsa, ræktun garða og fegrun umhverfis heldur líka með því að gera lífið í Grafarvogi litskrúðugt og skemmtilegt.

Öflugt íþróttastarf, nýir skólar, glæsileg kirkja – allt er þetta vitnisburður um samstöðu og sóknarhug sem einkennir landnámið í Grafarvogi. Þótt landnemarnir komi úr ýmsum áttum hafa þeir á skömmum tíma náð að taka höndum saman og skapa hér við Voginn ferskan hverfisbrag.

Það er því vel við hæfi að efna nú til sérstaks Grafarvogsdags og ég þakka ykkur kærlega fyrir að bjóða mér að taka þátt í dagskránni með ykkur og njóta þeirra atriða sem ungir og eldri íbúar annast.

Við áttum áðan saman helgistund með barna- og unglingakór Grafarvogskirkju, prestum sóknarinnar og því góða fólki sem gert hefur safnaðarstarfið hér öflugt og traust. Það er í rauninni kraftaverk að hafa á fáeinum árum reist hér tignarlega og fagra kirkju sem skartar einu fegursta listaverki sem skapað var í tilefni Kristnitökuhátiðar, þjóðargjöf til byggðarinnar í Grafarvogi og um leið viðurkenning á því lykilhlutverki sem söfnuðurinn hefur gegnt við að treysta og styrkja samheldni íbúanna.

Og gaman verður að hlýða á lestur skáldanna sem kenna sig við Grafarvoginn og tónlistina og sönginn sem hið fjölhæfa unga fólk flytur okkur. Grafarvogsskáldin hafa orðið eins konar Fjölnismenn byggðarinnar, tákn fyrir nýjan tíma og skemmtileg sönnun þess að andinn getur ekki síður komið yfir menn þar sem steinsteypa er varla þornuð og ekki þarf alltaf að leita á gamlar fjalir friðaðra húsa til að vera gjaldgengur á skáldaþingi.

Þó eru það kannski skólarnir og íþróttalífið sem verið hafa burðarásar í þeim árangri sem hér hefur náðst, þroskað og þjálfað æskufólkið og hjálpað því að binda bönd vináttu og félagsskapar, fá héðan veganesti sem vonandi mun reynast vel hvert sem ævisporin kunna að liggja.

Það er líka fróðlegt að kynnast því hvernig þið eruð með forvarnarstarfi að vinna gegn þeim hættum sem í vaxandi mæli mæta ungu fólki í borgarlífi okkar daga, eiturlyfjum og ofbeldi. Brýnt er að við kappkostum öll að varðveita friðsæld og öryggi sem jafnan hafa einkennt samfélag okkar og látum ekki umrót tímans spilla lífi æskufólksins. Reynslan sýnir að hollar tómstundir, þátttaka í íþróttum og samverustundir fjölskyldunnar eru árangursríkasta leiðin til að beina ungu fólki á réttar brautir og í þeim efnum skiptir máli að í nýjum hverfum ríki samheldni og gagnkvæmt traust.

Í þessum efnum virðist þið vera á réttri braut og ég vona að ykkur takist að rækta áfram þann góða félagsanda sem gefur ungum og öldnum kost á því að lifa hér góðu lífi, þroska hæfileika sína og gleðjast með öðrum.

Ég óska ykkur öllum sem tekið hafa höndum saman við að gera Grafarvogsdaginn svo fjölbreyttan og fróðlegan til hamingju með árangurinn og vona að við getum öll tileinkað okkur þá lærdóma um þróun byggðar sem árangur ykkar í Grafarvogi felur í sér.